

# SÆNGUR OG RÚMFÖT

FIMMTUDAGUR 5. DESEMBER 2013


## Kynningarblað

Rúmföt  
koddar  
æðardúnn  
rúmteppi  
náttföt  
betri svefn  
lök




# 20% AFSLÁTTUR

fram að jólum af sængum, koddum og sængurfatnaði.



Frábærar gæsadúnssængur og koddar úr hvítum gæsadún.



Hágæða sængurfatnaður frá Georg Jensen Damask, Gant Home og DUX.

DUXIANA  
Ármúla 10  
S-5689950  
duxiana.com

# DUXIANA®

Háþróaður svefnbúnaður





Æðarfugl kemur jafn mörgum ungum á legg, hvort sem hann fær að halda dún sínum alla áleguna eða fær hey í hreiðrið eins og tíðkast við dúntekju. MYND/ÚR EINKASAFNI



Dúnninn er hitaður, krafsaður, fjaðurtíndur, sápuþveginn og þurrkaður í dúnframleiðslunni. MYND/ÚR EINKASAFNI



Synir Þórðar, Óðinn og Fróði, hafa verið aldir upp við dúntekju á hverju sumri síðan þeir gátu staulast um. Hér eru þeir við hreiður með ungum. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Stærst í heimi í dúnframleiðslu

Þórður Örn Kristjánsson eyddi sumrum æsku sinnar á Breiðafirði við að tína dún í Hvallátrum. Hvallátur eru gósenland fuglaáhugamanna því þar ríkir gríðarlegt fuglalíf og hvorki refur né minkur til að spilla varpinu. Þórður er doktorsnemi við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

Æðarfuglinn er hinduábelja okkar Íslendinga. Hann fær að vera í friði og er mjög rólegur í varpi,“ segir Þórður, sem frá unga aldri hefur haft óbilandi áhuga á fuglum.

Þórður vinnur nú að verkefnum við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi þar sem æðarfugl hefur verið meginviðfangsefnið frá upphafi. Setrið er vel í stað sett því hvergi á landinu eru æðarvörp fleiri en við Breiðafjörð.

„Þegar ég stálpaðist fór mig að langa að rannsaka æðarfuglinn betur og þá helst hversu mikil áhrif dúntekjan hefur á afkomu hreiðursins og fuglsins sjálfs, þar sem við markaðssetjum dúnninn sem náttúruafurð sem skadar ekki fuglinn,“ segir Þórður sem hefur orðið margs vísari um æðarfugla.

„Það kom mér verulega á óvart að æðarfuglinn kemur jafnmörgum ungum á legg hvort sem hann hefur fengið að halda dún sínum alla áleguna eða fengið hey í hreiðrið eins og tíðkast við dúntekju. Hitastig hreiðursins er það sama hvort sem dúnninn er fjarlægður eða ekki. Fuglinn sveltir sig á álegutíma og missir 20 til 30 prósent líkamspunga síns á tímabilinu. Við höfum vigtað fugla til að komast að því hvort þeir léttist meira við útungun eftir dúntekju hreiðursins en fyrstu niðurstöður gefa til kynna að svo sé ekki. Það eru góðar fréttir fyrir æðarbændur og aðra sem koma að dúntekju.“

Æðarfuglar hafa notið friðunar frá árinu 1787 þegar Danakonungur takmarkaði veiðar á þeim.

„Það var svo 1846 sem fuglinn var alfríðaður fyrir öllum veiðum og bannað var samkvæmt lögum að trufla fugla í varpi. Íslendingar eru með stærstu dúnframleiðslu í heimi og fuglinn gefur miklu

Þórður Örn Kristjánsson er doktorsnemi í líf- og umhverfisvísindum. Hann segir lífsbaráttu æðarfugla ekki ósvipaða og hjá mannfólkinu.



MYND/VILHELM

meira af sér en ef veiðar væru leyfðar. Mikil hætta er á að vörp myndu breytast, fuglinn dreifast og verða styggarí en nú tíðkast, þar sem hann hefur lifað í sátt og samlyndi við manninn í mjög langan tíma,“ útskýrir Þórður.

### Lifa svipað og mannfólkið

Árlega eru tínd um þrjú þúsund kíló af fullhreinsuðum æðardún á Íslandi og hleypur verðmætið á hundruðum milljóna króna.

„Einangrunargildi æðardúns er einstakt miðað við aðrar gerðir fugladúns því hann hefur mjög mikla samloðun vegna örsmárra króka á endum dúnsins. Hitinn helst betur og jafnar þar sem æðardúns nýtur við og verðgildi hans fer oftar en ekki eftir því hversu mikið hann er meðhöndlaður áður en framleiðsla á sængum eða öðrum varningi hefst,“ útskýrir Þórður.

Í dúnframleiðslu er dúnninn hitaður, krafsaður og fjaðurtíndur á fyrstu stigum hreinsunar til að losna við ýmislegt smárusl sem fylgir hreiðrinu eins og þang, gras og fjaðrir úr fuglinum. Eftir hreinsun er dúnninn handþveginn nokkrum sinnum með

þar til gerðum sápum og þurrkaður áður en hann er nýttur í sængur eða aðrar hlýjar vörur.

„Í hreiðrum fugla eru ævinlega einhver smádyr,“ segir Þórður.

„Fæst hafa skaðleg áhrif á menn en helst eru það flærnar sem bíta okkur og valda kláða sem margir þekkja á sumrin. Dúnflóin *Ceratophyllus garei* er ríkjandi smádyr í æðarhreiðrum og dugleg að narta í dúntekjufólk. Einnig finnast örsmáir mítlar, bjöllur og jafnvel flugur sem sækja sér fæðu og skjól í hreiðrin. Þegar dúnninn er krafsaður og hristur falla flest kvikindin úr honum og eftir hitun hefur það sem eftir er drepist og dettur úr við næstu kröfsun. Dúnn sem er fullhreinsaður er því laus við alla óværu,“ upplýsir Þórður, sem er heillaður af lífi og tilveru æðarfuglsins.

„Allt líf er spennandi ef menn hafa áhuga á því. Æðarfuglar lifa lengi og þetta eru einstaklingar sem maður hittir fyrir á hverju ári á sama blettinum þar sem hreiðurskálín þeirra er. Lífið hjá þeim gengur út á að ná sér í fæðu, maka og koma ungum á legg, sem er nú ekki ósvipað og hjá okkur mannfólkinu.“

**Jólatilboð á öllum vörum**

**DÚN & FIÐUR**  
Laugavegi 86 - Sími: 511 2004

**Við skutlum Júlíu heim**

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Postdreifing



Pabba  
KODDI

Minn  
KODDI

Mömmu  
KODDI

TEMPUR  
DÝNUR OG KODDAR

STÍFUR

MJÚKUR

MILLI  
STÍFUR

TEMPUR® TRADITIONAL HEILSUKODDINN

Frábær jólagjöf – Fyrir alla í fjölskyldunni

Verð aðeins 13.930 með 30% jólaafslætti

HJÓNAGJÖFIN YKKAR

### C&J PLATINIUM heilsurúm



Charlotte Julien  
Dream your world™

Gafl er ekki  
innfalin í verði.

C&J PLATINIUM heilsurúm  
Dýna, Classic-botn og lappir

Verðdæmi 120x200 cm

Jólaverð kr. 99.900

Verðdæmi 160x200 cm

Jólaverð kr. 127.900

Verðdæmi 180x200 cm

Jólaverð kr. 134.900

Fæst í mörgum  
stærðunum.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.\*  
Aðeins  
11.200  
kr. á mánn.  
160x200

### C&J GOLD heilsurúm



Charlotte Julien  
Dream your world™

Gafl er ekki  
innfalin í verði.

C&J GOLD heilsurúm

Dýna, Classic-botn og lappir

Verðdæmi 160x200 cm

Jólaverð kr. 152.900

Verðdæmi 180x200 cm

Jólaverð kr. 164.900

Fæst í mörgum  
stærðunum.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.\*  
Aðeins  
13.360  
kr. á mánn.  
160x200

### CHIRO DELUXE heilsurúm



Gafl er ekki  
innfalin í verði.

CHIRO DELUXE heilsurúm

Dýna, Classic-botn og lappir

Verðdæmi 160x200 cm

Jólaverð kr. 256.000

Verðdæmi 180x200 cm

Jólaverð kr. 278.000

Fæst í mörgum  
stærðunum.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.\*  
Aðeins  
22.250  
kr. á mánn.  
160x200

Charlotte Julien  
Dream your world™

### C&J STILLANLEGT heilsurúm með Infinity dýnu



JÓLATILBOÐ  
Frábært  
VERÐ

C&J STILLANLEGT

með Infinity heilsudýnu

Verðdæmi 2x90x200 cm

Verð kr. 581.800

Kr. 494.530

Á JÓLATILBOÐI

Með fjarstýringu

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 12 MÁN.\*  
Aðeins  
42.820  
kr. á mánn.

- Inndraganlegur botn.
- Lyftigetia er yfir 2 x450 kg per botn.
- Mótur þarfnast ekki viðhalds.
- Tviðert stálgrind undir botni.
- 2 nuddmótarar með tímarofa.
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi.
- LED lýsing undir rúmi - góð næturlýsing.
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.

Betra  
BAK

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100

Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

www.betrabak.is

\* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.





Hver vill ekki hafa Vidda, Bósa og Dísu í herberginu sínu?

#### DISNEY HEILLAR BÖRNIN

**Disney-kvikmyndirnar heilla** börn sem fulloröna. Fyrirtækið er öflugt í markaðssókninni og er með verslanir víða um heim þar sem boðið er upp á hinar ýmsu Disney-vörur.

Börnin heillast af ákveðnum persónum úr Disney-myndunum. Viddi, Bósi og Dísu úr Toy Story heilla öll börn, hvort sem það eru strákar eða stelpur. Prinsessumyndir höfða yfirleitt frekar til stelpnanna en Bílar, Flugvélar og Skrímsli til stráka. Þannig erum við bara þótt margir myndu vilja breyta því.



Fyrir litlar prinsessur.

Hægt er að skreyta barna-herbergi fallega með Disney-figúrum. Yngstu börnin fá Bangsímón en þau eldri prinsessur eða bíla. Hægt er að velja um fjölbreytt úrval rúmfata, rúmteppa, púða og annarra fylgihluta með Disney-myndum. Margt er finna í verslunum hér á landi en þeir sem vilja skoða enn meira úrval ættu að líta á Disney-netverslanir en þar eru ólíklegustu hlutir til sölu.

Náttföt, fatnaður, skór eða húsgögn, gluggatjöld og teppi. Allt er til með myndum af þekktum kvikmyndastjörnum.



Angry Birds þekkja allir krakkar.



Bangsímón er alltaf vinsæll hjá yngstu kynslóðinni.

## JÓLANÁTTFÖT Á ALLA FJÖLSKYLDUNA

**Mörgum finnst** alveg nauðsynlegt að eiga jólanáttföt. Sumar fjölskyldur klæðast alltaf eins jólanáttfötum á aðventu og um jól. Hægt er að kaupa jólanáttföt á allan aldur og gæludýrin líka á vefsíðunni [www.pajamagram.com](http://www.pajamagram.com). Sumum finnst skandið og skemmtilegt að taka upp einhvern sið á aðventu, eins og að klæðast jólapeysu eða jólanáttfötum.

Jólanáttfötin eru margs konar, sum eru mikið skreytt á meðan önnur eru hóflegri. Þótt sumum finnst skrýtið að sjá fullorðið fólk í jólanáttfötum þá getur það búið til skemmtilega stemningu á heimilinu á aðventunni. Kannski sérstaklega á jóladag þegar allir vilja liggja fyrir, lesa bók og hafa það kósí með heitt súkkulaði og jólasnákökur.



# 30.000



## fréttapyrstir notendur

**Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er**



Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímamann með Fréttablaðsappinu. Sláðu inn **Fréttablaðið** á Google Play, Windows store eða í App store og náðu í appið.



FRÉTTABLAÐIÐ